

PEN

á Íslandi

INTERNATIONAL PEN
A World Association of Writers

Reykjavík, 15. Febrúar, 2015

SVARTUR LAUGARDAGUR FYRIR TJÁNINGARFRELSIÐ

Yfirlýsing PEN-félaganna á Norðurlöndum vegna árásarinnar í Kaupmannahöfn

Skotarásin á laugardagsfundinn í Kaupmannahöfn, þar sem fólk var samankomið til þess að ræða tjáningarfrelsið andspænis guðlastinu, og sú sem í framhaldinu var framin við samkunduhús Gyðinga í borginni, eru hrollvekjandi áminning um að einnig í hinum opnu samfélögum Norðurlanda steðjar ógn að þeim grunnildum sem taka til frjálsra skoðanaskipta í veraldlegu samfélagi. Við fordæmum þessa grófu tilraun til kúgunar og hörmum mannlífín sem hún kostaði.

Það að atburðirnir eigi sér stað á 25 ára afmæli dauðadóms íranska klerkaveldisins yfir bresk-indverska rithöfundinum Salman Rushdie undirstrikar að tjáningarfrelsið nær yfir landamæri og gengur þvert á menningarheima. Í dag eru allt, allt, of mörg samfélög þar sem rithöfundar, listamenn og skopmyndateiknarar eru beittir ritskoðun og ofbeldi. Norrænu PEN félögin munu halda áfram, jafnt heima sem að heiman, að berjast fyrir rétti þeirra til að tjá sig án þess að vera ofsóttir.

Virðing fyrir tjáningarfrelsinu og hvatning til beitrar samfélagsgagnrýni í ólíkum miðlum á sér langa sögu á Norðurlöndum. Nýleg alþjóðleg úttekt setti Danmörku í efstu sæti lista yfir frjáls samfélög. Við munum ekki láta öfl umburðarleysis eyðileggja það með sínum grófu brögðum.

Dansk PEN

Norsk P.E.N.

PEN á Íslandi

Suomen PEN

Svenska P.E.N.